

**VIÐAUKI
VIÐ ÚRSKURÐ
ÓBYGGÐANEFNDAR**

Mál nr. 2/2014

Hluti fyrrum Norðurárdalshrepps



3. maí 2018

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Fimmtudaginn 3. maí 2018 er tekið fyrir mál nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdals-hrepps, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Ása Ólafsdóttir, formaður óbyggðanefndar, Allan V. Magnússon varaformaður og Þorsteinn Magnússon.

Aðilar máls eru:

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Edda Andradóttir lögmaður og Indriði Þorkelsson lögmaður.)

Guðrún Soffía Karlsdóttir vegna fjallendis Munaðarness (hluti Ystutungu-afréttar.)

Minningarsjóður Ólafs Finnssonar vegna Sanddalstungulands og lands Sauðafellskirkju (Fellsenda- og Sauðafellsafréttur).

Kirkjumálasjóður vegna Snjófjalla og vegna sellands Stafholtskirkju (hluti Ystutunguafréttar).

Birna Friðgeirsdóttir, Brynhildur Barðadóttir, Einar G. Friðgeirsson, Trausti Hvannberg Ólafsson og Þuríður Hjartardóttir vegna Sanddalstungu.

Borgarbyggð vegna fjallendis Munaðarness (hluti Ystutunguafréttar) og hluta Snjófjalla.

(Ingi Tryggvason lögmaður.)

2 MÁL NR. 2/2014 ENDURUPPTEKIÐ

Úrskurður í máli nr. 2/2014, hluti fyrrum Norðurárdalshrepps, var kveðinn upp 11. október 2016. Málið var eitt af fimm málum sem óbyggðanefnd hafði til meðferðar á svonnefndu svæði 8B, þ.e. Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að undanskildum fyrrum Kolbeinsstaðahreppi, ásamt Langjökli.

Við meðferð mála á svæði 8B fylgdu norðurmörk þess hluta svæðisins sem fjallað var um í máli nr. 2/2014 upphaflega sveitarfélagamörkum Borgarbyggðar gagnvart Dalabyggð, eins og þau voru teiknuð á fyrirliggjandi uppdrætti á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands. Þó kom fram þegar kröfum gagnaðila íslenska ríkisins var lýst að sá gagnaðili íslenska ríkisins sem telur til réttinda á Sauðafellsafretti byggði á því að svæðið næði lengra til vesturs en sem nam þáverandi mörkum milli svæðanna, eins og óbyggðanefnd hafði skilgreint þau, og inn á svonefnt svæði 9A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandahreppi.

Við rannsókn þeirra gagna sem fram komu við meðferð málsins kom í ljós að landamerki þeirra fasteigna sem þar var deilt um eru jafnan miðuð við vatnaskil að

norðanverðu gagnvart landsvæðum í Dalabyggð. Óbyggðanefnd aflaði því gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Þau gögn sýndu að sveitarfélagamörkin sem upphaflega réðu norðurmörkum þess svæðis sem var til umfjöllunar í málinu voru ekki að öllu leyti teiknuð í samræmi við vatnaskilin, þó svo að vatnaskilin ráði merkjum fasteigna samkvæmt gögnum málsins.

Við sjöundu fyrirtöku málsins, 28. nóvember 2014, var afmörkun svæðis 8B breytt við suðvesturmörk Sauðafellsafréttar, þannig að svæðismörkin voru látin fylgja línu sem dregin er um Urðarvatnsgil í Urðarvatn og þaðan eftir vatnaskilum að sýslumörkum. Jafnframt var afmörkun svæðis 8B breytt þannig á norðvesturmerkjum Sauðafellsafréttar að mörkin eru eftir breytinguna dregin frá punkti við sýslumörk í punkt nr. 24 á kröfulínu gagnaðila íslenska ríkisins, þ.e. tjörn við Sauðfellingamúla, og þaðan eftir vatnaskilum að sýslumörkum. Með þessum breytingum voru mörk svæðis 8B færð til samræmis við kröfulínur gagnaðila íslenska ríkisins að því leyti sem kröfulínur þeirra náðu ekki að svæðismörkunum. Svæði 8B minnkaði því lítillega með þessu. Íslenska ríkið breytti jafnframt legu kröfulínu sinnar til samræmis við hin breyttu svæðismörk. Enn fremur færði gagnaðili íslenska ríkisins kröfulínur sínar á tveimur stöðum til samræmis við sveitarfélagamörk á svæðinu. Ekki komu fram athugasemdir af hálfu lögmanna vegna umræddra breytinga á svæðismörkum og kröfulinum.

Úrskurður í málinu var kveðinn upp 11. október 2016 og mörk þjóðlendna á Sauðafellsafrétti og á landsvæði í vestanverðum Snjófjöllum ákvörðuð á þann hátt sem þar greinir. Ákvörðun þjóðlendumarka takmarkaðist að norðanverðu við mörkin milli svæða 8B og 9A, eins og óbyggðanefnd hafði skilgreint þau.

Norðan við þau landsvæði sem fjallað var um í máli þessu eru landsvæði sem deilt var um í máli nr. 2/2016 á svonefndu svæði 9A hjá óbyggðanefnd, þ.e. Dalasýslu að undanskildum fyrrum Skógarstrandahreppi. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur í því máli tóku m.a. til svæðis sem af hálfu ríkisins var vísað til sem landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga og liggur vestan við þjóðlenduna á Sauðafellsafrétti sem óbyggðanefnd úrskurðaði um í máli nr. 2/2014 með úrskurði sem var kveðinn upp 11. október 2016. Þetta er sama svæðið og kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins vegna Sauðafellsafréttar, sem fram kom við málsmeðferð á svæði 8B, tók til þrátt fyrir að svæðið væri innan þáverandi marka svæðis 9A hjá óbyggðanefnd. Við meðferð máls nr. 2/2016 kom fram að umræddur gagnaðili íslenska ríkisins héldi til streitu þeim kröfum sem gerðar voru í máli nr. 2/2014 að því leyti sem þær tóku til umrædds svæðis sem íslenska ríkið vísar til sem landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga. Jafnframt tóku kröfur íslenska ríkisins í máli nr. 2/2016 til landsvæða sem nefnast Jörfaafréttur og Stóra-Vatnshornsmúli og liggja norðan við Sauðafellsafrétt og þjóðlendu í vestanverðum Snjófjöllum.

Við meðferð máls nr. 2/2016 voru m.a. rannsökuð gögn um landamerki þeirra landsvæða sem liggja að suðurmörkum þess svæðis gagnvart umræddum landsvæðum í máli þessu. Þar sést að merkjum þeirra að sunnanverðu er almennt lýst um vatnaskil.

Óbyggðanefnd aflaði því frekari gagna frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskilanna. Í framhaldi af því tók nefndin ákvörðun um að endurupptaka mál nr. 2/2014 í því skyni að aðlaga úrskurðarlínur í málinu að réttum merkjum milli fasteigna á svæðum 8B og 9A og jafnframt til að tryggja að aðilar að báðum málunum fengju færi á að aðlaga kröfulínur sínar að vatnaskilunum, eftir því sem við ætti. Lögmönnum var tilkynnt um þessa ákvörðun nefndarinnar við sameiginlega fyrirtöku í málum nr. 1–2/2014 og 1–3/2016, sem haldin var 25. ágúst 2017. Við sömu fyrirtöku voru lögmenn upplýstir um að þeir hefðu færi á að koma að sjónarmiðum varðandi þau merki sem sérstaklega eru til skoðunar í þessu sambandi.

Við sameiginlega fyrirtöku í málum nr. 1–2/2014 og 2–3/2016, 23. apríl 2018, upplýsti óbyggðanefnd lögmenn um að ákveðið hefði verið að við meðferð málsins endurupptekins yrði nefndin skipuð Ásu Ólafsdóttur, Allan V. Magnússyni og Þorsteini Magnússyni. Aðspurðir gerðu lögmenn ekki athugasemdir við þessa skipan nefndarinnar. Við málsmeðferð á svæði 9A aflaði óbyggðanefnd frekari gagna um vatnaskil milli svæða 8B og 9A og lét varpa vatnaskilunum inn á kröfulínukort málsins. Við sömu fyrirtöku gerði nefndin lögmönnum grein fyrir því að eftir rannsókn á þeim heimildum sem fram höfðu komið um landamerki þeirra svæða sem var deilt um á svæði 9A hefði óbyggðanefnd ákveðið að gera frekari breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, en áður hafði lögmönnum verið skýrt frá þessum breytingum með tölvupóstum. Í flestum tilvikum var um það að ræða að svæðamörkin voru færð til samræmis við legu vatnaskilanna. Við landsvæði sunnan og vestan Villingadalsdraga eru svæðamörkin þó að mestu leyti færð til samræmis við kröfulínu íslenska ríkisins. Lögmenn gagnaðila íslenska ríkisins í þeim málum sem þarna voru tekin fyrir sameiginlega óskuðu eftir fresti til að svara því hvort kröfulínur yrðu aðlagðar að hinum nýju mörkum milli svæða 8B og 9A.

Við fyrirtöku 26. apríl 2018 lýstu lögmenn málsaðila því yfir að kröfulínur umbjóðenda þeirra skyldu færðar til samræmis við ákvörðun óbyggðanefndar um breytt svæðamörk.

3 NIÐURSTAÐA

Óbyggðanefnd hefur lagt mat á hvort framangreindar breytingar á mörkum milli svæða 8B og 9A, og aðlögun kröfulína málsaðila að hinum breyttu svæðamörkum, kalli á breytingar á úrskurðarorðum í málinu og komist að þeim niðurstöðum sem hér greinir.

3.1 Sauðafellsafréttur

Í úrskurði í málinu sem kveðinn var upp 11. október 2016 er ítarlega gerð grein fyrir heimildum um Sauðafellsafrétt. Um það vísast til kafla 5.5 og 6.5 í úrskurðinum. Þá er gerð grein fyrir kröfugerð íslenska ríkisins í kafla 3.1 og kröfugerð gagnaðila þess í kafla 3.4. Til viðbótar þeim kröfum sem þar var lýst liggur nú fyrir svohljóðandi

kröfugerð íslenska ríkisins, í tveimur hlutum, vegna þess svæðis sem þar er vísað til sem landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga:

Fyrri hluti:

Upphafspunktur er á hæsta tind Gamalhnjúka (1), þaðan er farið til austurs eftir vatnaskilum sunnan Villingadalsdraga og að þeim stað þar sem vatnaskilalínan sker sýslumörk sem jafnframt eru sveitafélagamörk og mörk kröfuvæðis (2), þaðan er farið til suðurs eftir sýslumörkum í Merkjahryggskoll (3), sem enn fremur er á sýslumörkum, þaðan er farið norður eftir Merkjahrygg og eftir hábrúnum í Gamalhnjúka (1), sem jafnframt er upphafspunktur.

Seinni hluti:

Upphafspunktur er á þeim stað í fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals (1), þaðan er farið til suðurs í Sátutagl (2), þaðan er farið til vesturs eftir sýslu- og sveitafélagamörkum að þeim stað þar sem vatnaskilalína sker þau mörk (3) og þaðan er svo farið til norðurs eftir vatnaskilum að þeim stað í fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals (1) sem er upphafspunktur.

Kröfugerð gagnaðila íslenska ríkisins tók upphaflega til eftirfarandi svæðis:

Úr Urðarvatni (7) um Urðarvatnsgil (19) og þaðan í Tröllakirkju (20), síðan um Kirkjufellshlíð (21) í Heydalsbrún (22) og þaðan í Merkjahrygg (23), þaðan í tjörn norðan við Sauðfellingamúla (24) og síðan eftir vatnaskilum á sýslumörkum í hornpunkt við Hvassá (25). Hvassá ræður síðan að Innra-Leiti (10) og þaðan bein lína í Grástein (9) og þaðan um Urðarmúla (8) í upphafspunkt í Urðarvatni (7).

Þá var því eins og áður segir lýst yfir af hálfu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins við fyrirtöku 26. apríl 2018 að kröfulínur umbjóðanda hans skyldu færðar til samræmis við ákvörðun óbyggðanefndar um breytt svæðamörk. Því er ljóst að kröfur gagnaðila íslenska ríkisins vegna Sauðafellsafréttar taka til alls þess svæðis sem af hálfu íslenska ríkisins er vísað til sem landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga. Ekki liggja fyrir kröfur annarra til þessa svæðis.

Auk þeirra heimilda sem fjallað er um í úrskurði óbyggðanefndar í málinu sem kveðinn var upp 11. október 2016 rannsakaði óbyggðanefnd sérstaklega mörk þess hluta svæðisins sem áður tilheyrði svæði 9A og vísað er til af hálfu íslenska ríkisins sem landsvæðis sunnan og vestan Villingadalsdraga gagnvart aðliggjandi jörðum. Að norðanverðu er um að ræða jörðina Villingadal og að vestanverðu jörðina Fellsenda.

Landamerkjabréf fyrir Villingadal var gert 10. maí 1884 og því þinglýst 27. maí 1885. Þar segir eftirfarandi um landamerki jarðarinnar:

Milli Villingadals og Kross ræður landamerkjum svokölluð Landamerkjálág gagnvart Fanngili, frá Haukadalsá fyrir austan Kirkjufell, beint uppí múlahöfuðið, svo fram há fjallið, þar sem hallar til beggja dalanna og það suður fyrir Villingadalsdrög, þar til vötnum fyrst hallar til Bekradals, síðan vestur

eptir eins og vötnum hallar vestur á Gamalhnúk; þaðan ræður svo sem vötnum hallar að Skálardal allt á fremri Bungu, svo norður eptir þeirri bungu eins og vötnum hallar að læk þeim, sem rennur í Nóngil til Villingadalsár ...

Af þessu verður ráðið að vatnaskil ráði merkjum Villingadals að sunnanverðu, sem er í samræmi við kröfugerðir málsaðila að því er varðar mörk ágreiningssvæðisins gagnvart landi Villingadals.

Landamerkjabréf Fellsenda í Miðdalahreppi er dagsett 31. maí 1886 og því var þinglýst sama dag. Þar er þeim hluta merkja Fellsenda sem liggur næst ágreiningssvæðinu lýst svo:

... þaðan uppá hábrún [Háfs] síðan eptir há fjallgarðinum, suðaustur í Gamla hnúka, þaðan beint í Merkjahryggskollinn, þaðan eptir Merkjahrygg í Tröllakirkju [...]. Að Fellsenda landi liggja þessi lönd: Þorolfsstaða-, Svarfhóls-, Haafells-, Geldingadals- og Sauðafells- afrjetta lönd.

Kröfulína íslenska ríkisins er eins og áður segir dregin eftir Merkjahrygg og eftir hábrúnum í Gamalhnjúka, sem er í samræmi við tilvitnaðan texta í landamerkjabréfi Fellsenda.

Þá hefur óbyggðanefnd tekið norðurmörk þjóðlendunnar til sérstakrar skoðunar eftir að málið var endurupptekið. Norðan við austasta hluta ágreiningssvæðisins er land Jörfaafréttar. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2016 sem er kveðinn upp samhliða úrskurði þessum kemur fram sú niðurstaða nefndarinnar að Jörfaafréttur sé þjóðlenda sem afmarkist að sunnanverðu af vatnaskilum.

Að þessu gættu og að öðru leyti með vísan til þeirra heimilda sem raktar eru í úrskurði óbyggðanefndar í málinu, sem kveðinn var upp 11. október 2016, er niðurstaða óbyggðanefndar sú að það svæði sem hér er sérstaklega til umfjöllunar sé innan merkja Sauðafellsafréttar, sem afmarkast í heild sinni svo:

Upphafspunktur er í Urðarvatni. Þaðan er línán dregin um Urðarmúla í Grástein. Þaðan er dregin bein lína í topp Sátu. Frá Sátu er dregin bein lína í átt að miðhnjúk Tröllakirkju (Snjófjallatindi) og þeirri línu fylgt þar til komið er að Hvassá. Þaðan er Hvassá fylgt til upptaka á vatnaskilum. Þaðan er vatnaskilum fylgt til vesturs um Sátutagl, þann stað á fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals og allt vestur í Gamalhnúka. Frá Gamalhnúkum er línán dregin suður eftir Merkjahrygg að Tröllakirkju. Þaðan er línán dregin um Urðarvatnsgil að upphafspunkti í Urðarvatni.

Sama landsvæði er í afréttareign Minningarsjóðs Ólafs Finnssonar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, sem nýtur veiðiréttar í stöðuvötnum og straumvötnum á svæðinu skv. 5. gr. laga sömu laga, sbr. II. kafla laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

3.2 Landsvæði í vestanverðum Snjófjöllum

Í úrskurði í málinu sem kveðinn var upp 11. október 2016 er ítarlega gerð grein fyrir heimildum um Sauðafellsafrétt. Um það vísast til kafla 5.6 og 6.6 í úrskurðinum. Þá er gerð grein fyrir kröfugerð íslenska ríkisins í kafla 3.1 og kröfugerð gagnaðila þess í kafla 3.5.

Þá var því eins og áður segir lýst yfir af hálfu lögmannna beggja málsaðila við fyrirtöku 26. apríl 2018 að kröfulínur umbjóðanda þeirra skyldu færðar til samræmis við ákvörðun óbyggðanefndar um breytt svæðamörk. Því er ljóst að kröfur málsaðila vegna landsvæðis í vestanverðum Snjófjöllum ná allt norður að vatnaskilum en þær miðuðust áður við sýslu- og sveitarfélagamörkin sem áður voru jafnframt mörkin milli svæða 8B og 9A hjá óbyggðanefnd.

Óbyggðanefnd hefur tekið norðurmörk þjóðlendunnar til sérstakrar skoðunar eftir að málið var endurupptekið. Ljóst er að ekki liggja fyrir neinar heimildir sem varða sérstaklega svæðið sem er norðan við umrædd sýslu- og sveitarfélagamörk en sunnan við vatnaskilin milli ágreiningssvæðisins og Stóra-Vatnshornsmúla sem er norðan við það. Í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2016 sem er kveðinn upp samhliða úrskurði þessum kemur fram sú niðurstaða nefndarinnar að Stóri-Vatnshornsmúli sé þjóðlenda sem afmarkist að sunnanverðu af vatnaskilum. Að teknu tilliti til þess og að öðru leyti með vísan til þess sem kemur fram varðandi þjóðlendu í vestanverðum Snjófjöllum í úrskurði óbyggðanefndar í máli þessu, sem kveðinn var upp 11. október 2016, er niðurstaða nefndarinnar sú að umrædd þjóðlenda skuli afmarkast í heild sinni svo:

Upphafspunktur er við Innraleiti við Hvassá. Þaðan er dregin bein lína í Vestara-Kambshorn og þaðan bein lína í miðhnjúk Tröllakirkju (Snjófjallatind). Þaðan er vatnaskilum fylgt til suðvesturs þar til komið er að upptökum Hvassár. Þaðan er Hvassá fylgt í upphafspunkt í Innraleiti.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Norðurárdals-, Stafholtstungna-, Hvítársíðu- og Þverárhlíðarhreppum, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998. Um rétt til upprekstrar á afréttinn og annarra hefðbundinna nota sem afréttareign fylgja fer eftir ákvæðum laga þar um, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998. Þar ber sérstaklega að nefna 7. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

Nauðsynlegur kostnaður annarra en íslenska ríkisins vegna hagsmunagæslu fyrir óbyggðanefnd greiðist úr ríkissjóði skv. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 58/1998. Nefndin hefur lagt mat á hvað telja megi nauðsynlegan kostnað, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Á þeim grundvelli hefur málskostnaður, vegna vinnu lögmanns gagnaðila íslenska ríkisins eftir að málin voru endurupptekin, verið ákvarðaður á þann hátt sem í úrskurðarorðum greinir og kemur sú fjárhæð til viðbótar þeim málskostnaði sem umræddum málsaðilum var ákvarðaður með úrskurði sem kveðinn var upp 11. október

2016. Einungis er úrskurðaður málskostnaður til þeirra málsaðila sem kalla til réttinda á þeim ágreiningssvæðum sem liggja að mörkunum milli svæða 8B og 9A.

4 ÚRSKURÐARORÐ

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. norðurhluti Miðdælingaafréttar (Sauðafellsafréttur), er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er í Urðarvatni. Þaðan er línán dregin um Urðarmúla í Grástein. Þaðan er dregin bein lína í topp Sátu. Frá Sátu er dregin bein lína í átt að miðhnjúk Tröllakirkju (Snjófjallatindi) og þeirri línu fylgt þar til komið er að Hvassá. Þaðan er Hvassá fylgt til upptaka á vatnaskilum. Þaðan er vatnaskilum fylgt til vesturs um Sátutagl, þann stað á fjallinu Krossbrún þar sem vötnum fer fyrst að halla til Bekradals og allt vestur í Gamalhnúka. Frá Gamalhnúkum er línán dregin suður eftir Merkjahrygg að Tröllakirkju. Þaðan er línán dregin um Urðarvatnsgil að upphafspunkti í Urðarvatni.

Sama landsvæði er í afréttareign Minningarsjóðs Ólafs Finnssonar, sbr. 2. mgr. 5. gr. og c-lið 7. gr. sömu laga.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. landsvæði í vestanverðum Snjófjöllum, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr., laga nr. 58/1998:

Upphafspunktur er við Innraleiti við Hvassá. Þaðan er dregin bein lína í Vestara-Kambshorn og þaðan bein lína í miðhnjúk Tröllakirkju (Snjófjallatind). Þaðan er vatnaskilum fylgt til suðvesturs þar til komið er að upptökum Hvassár. Þaðan er Hvassá fylgt í upphafspunkt í Innraleiti.

Sama landsvæði er afréttur jarða í fyrrum Norðurárdals-, Stafholtstungna-, Hvítársíðu- og Þverárhliðarhreppum, nú Borgarbyggð, sbr. 1. gr. og b-lið 7. gr. laga nr. 58/1998.

Gerður er almennur fyrirvari um hnitasetningu þjóðlendulína að liðnum málskotsfrestum eða að fenginni dómsniðurstöðu.

Málskostnaður gagnaðila íslenska ríkisins vegna þóknunar málflytjenda þeirra greiðist úr ríkissjóði, sbr. 17. gr. laga nr. 58/1998, og ákvarðast svo:

Vegna Inga Tryggvasonar lögmanns: Kirkjumálasjóður og Borgarbyggð vegna Snjófjalla og Minningarsjóður Ólafs Finnssonar vegna Miðdælingaafréttar: 150.000 kr.

Ása Ólafsdóttir

Allan Vagn Magnússon

Þorsteinn Magnússon